

# Stjarnvísindafélag Íslands

## The Icelandic Astronomical Society

Dunhaga 3, IS-107 Reykjavík, Iceland

Telephone : 354 - 1 - 694800

Telefax : 354 - 1 - 28911

11. janúar 1990

Ágæti félagi.

Að undanfögnu hefur farið fram talsverð umræða innan félagsins og víðar um framtíð stjarnvísinda á Íslandi. Í ágúst síðastliðnum hélt félagið "hugarflugsfund" í Norræna húsinu þar sem ræddar voru ýmsar hugmyndir um æskilega þróun rannsókna og kennslu á sviði stjarnvísinda á næstu árum. Innan eðlisfræðiskorar Háskóla Íslands hafa þessi mál einnig verið rædd með nokkrum hléum undanfarin fimm títán ár og á síðasta ári setti skorin dósentsstöðu í stjarnvísindum efst á óskalista sinn um nýjar stöður. Nú hafa þau gleðilegu tíðindi gerst að á síðustu fjárlögum ríkisins er gert ráð fyrir slíkri stöðu við Háskólann frá miðju þessu ári og verður hún því væntanlega auglýst innan tíðar.

Þrátt fyrir þennan merka áfanga í íslenskri stjarnvísindasögu er ljóst, að þegar til lengri tíma er litið, þarf meira en eina nýja stöðu til þess að styrkur grundvöllur sé fyrir þróttmikið starf á sviði stjarnvísinda hér á landi. Þetta kom meðal annars fram við umræður á hugarflugsfundinum í ágúst og aftur á aðalfundi félagsins í október þar sem eftirfarandi samþykkt var gerð :

*Aðalfundur Stjarnvísindafélags Íslands, haldinn 19. október 1989, ákveður að fela stjórn félagsins að vinna að úttekt á núverandi stöðu rannsókna og kennslu í stjarnvísindum á Íslandi. Jafnframt skal stjórnin gera tillögur um úrbætur og nýjungar á þessu sviði, einkum hvað varðar bættu aðstöðu til rannsókna við Háskóla Íslands og stofnanir hans. Stjórnin skal leggja skriflegar tillögur ásamt ítarlegri greinargerð fyrir félagsfund fyrir 1. júní 1990. Stefnt skal að því að senda tillögurnar bæði til íslenskra stjórnvalda og yfirstjórnar Háskóla Íslands, en endanlega ákvörðun þar að lútandi skal stjórn félagsins taka í samráði við félagsmenn fyrir 1. ágúst 1990.*

Stjórn félagsins, en hana skipa Einar H. Guðmundsson (formaður), Einar Júlíusson (ritari) og Karl Jósaftatsson (gjaldkeri), hefur ákveðið að hefja starfið með því að leita til allra félagsmanna um upplýsingar og hugmyndir. Það er gert með könnuninni sem fylgir þessu bréfi. Hún er í tveimur hlutum: Í fyrri hlutanum er beðið um ýmsar persónulegar upplýsingar, einkum hvað varðar störf að stjarnvísindum fram að þessu. Ítarleg svör félagsmanna við þessum hluta ættu að gefa gott yfirlit yfir núverandi stöðu rannsókna og kennslu í greininni hér á landi og gefa vísbendingu um það hvers beri að vænta í nánustu framtíð. Í seinni hluta könnunarinnar eru félagsmenn beðnir um hugmyndir og tillögur um það hvernig staðið skuli að frekari uppbyggingu á sviði stjarnvísinda hér á landi á næsta áratug. Stjórnin mun vinna úr tillögunum eftir bestu getu og leggja niðurstöðuna fyrir félagsfund eins og kveðið er á um í samþykkt aðalfundar.

Við vonum að félagsmenn bregðist vel við þessari tilraun og sendi okkur greinagóð svör og tillögur. Allar góðar ábendingar eru einnig þegnar með þökkum.

Svör sendist til Einars H. Guðmundssonar, Raunvísindastofnun Háskólans, Dunhaga 3, 107 Reykjavík fyrir **1. febrúar 1990**.

Með stjarnvísindakveðju

*Einar H. Guðmundsson*

# STJARNVÍSINDI Á ÍSLANDI

## Könnun á vegum Stjarnvísindafélags Íslands

### Janúar 1990

*Í könnuninni eru eftirfarandi fræðigreinar allar taldar til stjarnvísinda : Stjörnufræði, stjarnæðlisfræði, geimvísindi og háloftafræði sem og saga allra þessara fræðigreina. Til starfa á sviði stjarnvísinda teljast öll störf er tengjast stjarnvísindum á einhvern hátt, til dæmis rannsóknir, kennsla og ritstörf, þar á meðal þýðingar.*

#### I. Staðan í dag. Persónulegar upplýsingar.

##### 1. Nafn :

Prófgráða (heiti, fræðigrein, háskóli, ártal) :

Staða :

Vinnustaður :

Heimilisfang :

Sími : Vinnustaður :

Heima :

Hversu stór hluti af núverandi vinnutíma þínum er helgaður stjarnvísindum ?

Hefur þetta hlutfall haldist óbreytt frá því þú hófst störf að loknu námi ? Ef ekki, er þá um aukningu eða minnkun að ræða ?

##### 2. Störf á sviði stjarnvísinda.

*Þú ert beðinn-um að gefa yfirlit yfir störf þín á sviði stjarnvísinda frá upphafi starfsferils (venjulega í háskólanámi) til dagsins í dag. Einnig væri æskilegt að fá upplýsingar um verkefni sem þú hefur hug á að vinna að í nánustu framtíð. Ekki er beðið um útarlegar verkefnislýsingar heldur einungis um stutt yfirlit. Í flestum tilvikum nægir einföld upptalning á verkefnum. Æskilegt er að helstu ritsmíða sé getið en ekki er beðið um tæmandi ritskrá. Mikilvægt er að geta helstu samstarfsmanna, innlendra sem erlendra (þar á meðal leiðbeinenda í kandidateats- eða doktorsnámi). Einnig er mikilvægt að taldar séu upp helstu stofnanir (háskólar og stofnanir þeirra, athugunarstöðvar o.s.f.) sem þú hefur starfað við eða tengist á annan hátt vegna starfa þinna að stjarnvísindum. Þá ert þú einnig beðinn um að nefna helstu tæki (stóra sjónauka, tæki í gervitunglum, stórvirkar tölvur o.þ.h.) sem þú notar eða hefur notað við rannsóknarstörf þín. (Notið bakhlið blaðsins eða bætið við blöðum ef þörf krefur).*

## II. Framtíð stjarnvísinda á Íslandi.

Þú ert beðinn um að rekja í stuttu máli hugmyndir þínar um æskilega þróun rannsókna og kennslu á sviði stjarnvísinda á Íslandi næsta áratug. Meðal spurninga sem æskilegt væri að fá svör við eru : Hvernig má bæta aðstöðu til rannsókna á þínu eigin sérsviði og jafnframt bæta rannsóknaraðstöðu fyrir stjarnvísindin í heild ? Hvernig má bæta þá kennslu í stjarnvísindum sem fer fram nú þegar við eðlisfræðiskor Háskóla Íslands ? Ætti til dæmis að stefna að því að taka upp kennslu til BS prófs í stjarnvísindum ? Hvað með MS próf ? Er æskilegt að á landinu sé til stofnun þar sem eingöngu eru stundaðar rannsóknir í stjarnvísindum? Ætti hún að vera innan vébanda Háskóla Íslands ? Nægir til dæmis deild eða stofa innan Raunvísindastofnunar Háskólans ? Hvernig geta íslenskir stjarnvísindamenn komist í betri sambönd við erlenda starfsbræður með samvinnu í huga ? Ætti Ísland til dæmis að sækja um aðild að Nordic Optical Telescope? Hvað með aðra norræna samvinnu eða evrópska (til dæmis ESO eða ESA) ? (Notið bakhlíð blaðsins eða bætið við blöðum ef þörf krefur).